

Mál nr. 23/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A

Maður rann í hálfu og meiddist þ. 22.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 4.2.2013.

Málsatvik.

M segist hafa lent í slysi þ.22.12.2010 þegar hann fór út úr bifreiðinni A og þá hafi A runnið afturábak og hurð A skolið á sér og M þá fallið við en gripið í handfang A og þá farið úr lið á vinstri öxl. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að frásagnir M af slysinu séu misvísandi. V bendir á að í þegar M leitaði á slysadeild eftir slysið segist M hafa runnið til og gripið með vinstri hönd í handrið og dottið aftur fyrir sig. Þá vísar V til tjónstilkynningar M, lögregluskýrslu og framburðar ökumanns A eiginkonu M og segir að fjórar ólíkar frásagnir af tjónstilvikinu liggi fyrir, en þrjár frásagnanna séu hafðar eftir M. V vísar til þess að tjónþoli þurfi að færa sönnun á tjón sitt og að bótagrundvöllur sé fyrir hendi, en slík sönnun liggi ekki fyrir í málinu.

Álit.

Frásagir af tjónstilvikinu af hálfu M eru misvísandi. M hefur ekki tryggt sér sönnun á því að um bótaskylt tjón hafi verið að ræða úr ábyrgðartryggingu A hjá V og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.